



REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á
félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Vals, Akureyri, en það nær yfir Akureyri og eftirtalda hreppa í Eyjafjarðarsýslu: Öngulsstaða-hrepp, Saurbæjarhrepp, Hrafnagilshrepp, Glæsibæjarhrepp, Öxnadalshrepp, Skriðu-hrepp og Arnarneshrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöl-una 49. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögnætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá

9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Vals, bæjarstjórnar Akureyrar, sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, Vinnuveitendafélags Akureyrar og Kaupfélags Eyfirðinga.

3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Valur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 49. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 159 frá 1956 um hámarkstölu vörubifreiða á Akureyri.

Samgönguráðuneytið, 28. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, en það nær yfir Neskaupstað og Norðfjarðarhrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmatan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en